

Opinn almennur stúdentafundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	
25.02.2020	12:00	HT stofa 104	
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Jóna Þórey Pétursdóttir	Guðjón Björn Guðbjartsson		25.02.20
Fjöldi fundargesta: 28			

### Fundardagskrá

**Opinn almennur stúdentafundur þriðjudaginn 25. febrúar í stofu HT 104 kl. 12:00**

1. Kosning fundarstjóra
2. Kynning frá framkvæmda- og tæknisviði Háskóla Íslands um tillögur að framtíð bílastæðamála og samgöngupassa 12:00-12:30
3. Umræður og opnað fyrir tillögur fundarmanna 12:30-13:00

#### 1. Kosning fundarstjóra

JÞP kynnir tildrög fundarins.

JÞP samþykkt sem fundarstjóri án andmæla.

JÞP vekur athygli á fundi SHÍ á morgun sem mun álykta um málið.

#### 2. Kynning frá framkvæmda- og tæknisviði Háskóla Íslands um tillögur að framtíð bílastæðamála og samgöngupassa 12:00-12:30

*Sigríður Sigurðardóttir og Sigurlaug I. Lövdahl*

- a. Ástæða fundarins er að kynna vinnu Vatsmýrahópsins sem er vettvangur fulltrúa frá HÍ, LSH, borgarinnar og HR. Hópurinn hefur starfað í 2 ár og á þeim tíma skoðað samgöngur á svæðinu og farið í heilmikla greininagrvinnu. Samstarfshópurinn fékk samgönguyfirvöld með sér til að finna leiðir til að mæta fyrirsjánlegum vexti í umferð í Vatnsmýrinni.
- b. Staðan er svona í dag:

Vatnsmýrin	2016	2025	2025*
Íbúðir	1.400	2.800	
Atvinnuhúsn.	310.000 m <sup>2</sup>	457.000 m <sup>2</sup>	
Allar ferðir	25.700	45.300	
% HÍ, LSH, HR	50%	60%	
Strætó alls	2.000 ferðir	3.300 ferðir	6.100 ferðir

Íbúðir eru 1400 í dag en mun fjölga í 2800 árið 2025 m.v. áætlanir. Metið er að vinnustaðirnir sem eiga sæti í vatsmýrarhópnum eigi 50% umferðar í dag, en það er 25.700 bílar á dag. 2025 verða það 45.300 bílar og vinnustaðirnir 4 munu eiga um 60% þeirrar umferðar ef ekkert breytist. Atvinnuhúsnæði á svæðinu er í dag 310.000 m<sup>2</sup> en verða árið 2025 457.000 m<sup>2</sup>. Hópurinn hefur verið að vinna með Strætó bs. M.v. markmið sem Reykjavíkurborg setur fram í aðalskipulagi um breyttar ferðavenjur þá eiga ferðir með strætó að vera 6100, helst fleiri, á dag árið 2025 en ef ekkert breytist verða þær 3300.

- c. Kásrnesbrúin er komin í hönnunarsamkeppni.
- d. Það er verið að vinna með borgarlínuhópum, borginni og vegargerðinni. Það er komið í ferli að það verði sett sérrein inn í HR. Það er verið að skoða miklubraut í stökk.
- e. Ljósastýringum hefur verið breytt til að auka flæði umferðar, akreinum hefur verið bætt við t.d. á bústaðarvegi en það hefur ekki dugað til. Það þarf að breyta einhverju.
- f. Á Háskólaþingi í maí 2019 var fjallað um framtíð samgöngu og bílastæðamála á háskólasvæðinu. Þingið lagt til að Rektor hefði frumkvæði að því að stofna hóp til að fjalla um framtíð samgöngu og bílastæðamála sem ætti að skila af sér tillögu um efnið.
- g. Þetta hefur verið kynnt í Háskólaráði og verður kynnt helstu hagsmunaaðilum á svæðinu. Þessi fundur er liður í því. Stefnt er að taka þetta aftur upp á háskólaráðsfundi 3. mars.
- h. Tillaga hópsins er að gjaldskylda verði tekin upp á öllum bílastæðum á lóðum HÍ. Allar tölur eru breytilegar, við ákveðum þær ekki.
- i. Við munum gera eins vel í samgöngusamningum og við getum. Starfsmenn fá 5 þús. kr. ef þeir koma ekki á bíl. Í skattalögunum þarftu að koma 80% á vistvænum ferðamáta, mátt koma 20% með öðrum ferðamáta, en þá þurfa starfsmenn að greiða í gjaldskylduna. Hópurinn hefur verið í góðu samstarfi við Strætó BS sem eru tilbúin að koma með okkur í þetta tilraunaverkefni. Tilraunin er sú að starfsmaður þyrfti að greiða tæpar 30 þús. kr. fyrir árskort í strætó. Ef starfsmenn kjósa að koma á bíl í vinnu en þurfa ekki að nota hann í vinnunni þá fá þeir árskort á 100. þús. kr. Ökutækjastyrkur gæti orðið mest 5 þús. kr. vegna skattalaga fyrir starfsmenn sem þurfa að nota faratæki í vinnunni. Það er ekki nóg að nota bíl til og frá vinnu til að fá þetta.
- j. Nemendur fengju árskort í á 5. þús. kr., en það væri valkvætt við skráningu. Nemendur sem vilja koma á bíl þurfa að greiða í stöðumæla eða gætu keypt sér misseriskort, sem yrði ódýrara en fyrir starfsmenn.
- k. Þetta þýðir hellings útgjöld fyrir HÍ. Skólinn er að borga fyrir þetta strætó fyrir þetta á móti nemendanum. 5 þús. kr. frá nemendanum og 30. þús. kr. frá starfsmanninum rennur til Strætó bs.
- l. Tæknilega hliðin - eru í samstarfi við fyrirtæki sem eru að vinna í app lausn. Það verða settar upp tvær greiðsluvélar, ein á HT og hin hjá Tæknigarði.

Bætt við frá Sigurlaugu: Við erum hluti af miklu stærra máli, ekki einkamál okkar, þessi mikla aukning í umferð á næstu árum. Við þurfum að gera eitthvað annars gerist ekki neitt.

### 3. Umræður og opnað fyrir tillögur fundarmanna 12:30-13:00

#### Umræður

- Spurning um gildistíma samgöngukorts fyrir nemendur
  - SS: Það mun gilda í 12 mánuði.
- Spurning: Hvað með erlenda nemendur sem eru ekki komnir með kennitölu, getu þeir nýtt sér þetta? Hvernig reddum við því?
  - SS: Það er ekki komið á það stig, en við munum útfæra það með strætó.
- Spurning: spyr um sektargjöld
  - SS: HÍ má ekki rukka sektir, það þarf breytingu á reglugerð, sem þau vilja gera. Það þarf að fá heimild frá bæði samgöngu- og fjármálaráðuneytinu til að rukka. En við munum ekki hafa heimild til að sekta. HÍ er ekki að fara að græða, bara veita þessa þjónustu og standa undir henni.

SS: Það verða kynnt drög að rammaskipulagi í næsta mánuði. Þá munu bílastæði vikja fyrir grænum svæði.

- Ábending: Það eru til staðar t.d. afslættir á árskortum fyrir öryrkja, það er mikilvægt að HÍ greiði ekki fullt gjald fyrir þá.
- Spurning: spyr út í app lausnina og svo greiðsluvélar á HT og í Tæknigarði.
  - SS: Greiðsluvélarar eru ef fólk vill greiða í eitt skipti fyrir stæði.
- Spurning: spyr um fólk sem býr í grenndinni: verður eitthvað öðruvísi fyrirkomulag fyrir þau?
  - SS: Það þýðir ekki að við gerum gjaldskyldu hér og umferðin fari inn í íbúðarhverfin. Borgin mun fylgja okkur eftir og setja á gjaldskyldu í hverfunum og þá munu íbúarnir fá íbúakort.
- Spurning: Hvað um fólk sem býr á stúdentagörðum?
  - JBP: FS á ákveðin bílastæði og vill fá íbúakort fyrir sig
  - SS: Hittum FS á morgun og ræðum þetta
- Spurning: Spyr út í hvort þetta sé líka fyrir landsbyggðastrætó.
  - SS: Við vitum ekki hvaða stúdentar það eru sem eiga að fá undanþágu - fatlaðarstæði eru gjalfríjals, en það þarf að finna út úr hvaða hópar það eru. Þarf að finna út hvaða reglur eiga að gilda. Við höfum ekki hugsað um landbyggðarstrætó.
- Spurning: Hver er tímalínan?

- SS: Okkur langar að þetta verði up and running á næsta skólaári. Þetta kallar á reglugerðabreytingu o.fl. Vonumst til þess að hafa stóru myndina, hvernig skoðun mismunandi hópa er.
- Ábending: Það kostar mikið að taka strætó af reykjanesinu, en þetta væri mikil bót fyrir okkur. Þetta væri brílljant.
- Spurning: Hvernig er það ef maður velur að fá kortið ekki?
- SS: Strætó er að breyta sínu greiðslukerfi - háskólakortið gæti verið strætókortið - H-Pass.
- JPP: Spyr út í tengsl skrásetningagjalds og þessa kostnaðar og þjónustu
  - SS: engin tengsl
- Spurning um tekjur af bílastæðagjöldum:
  - SS: Geta ekki runnið til samgöngupassanna því “tekjur” af bílastæðagjöldum þurfa að renna í að sinna umsjón bílastæðanna. Samgöngupassar verða bara framlag frá HÍ til strætó.
- Spurning: Mun eitthvað skerðast í staðinn, þar sem þetta kostar?
  - SS: Þetta mun aldrei skerða kennslu t.d.
- Spurning: Líst vel á þessar hugmyndir. Má peningur sem næst af þessu niðurgreiða kortið?
  - SS: Megum það ekki. En við megum aldrei græða á þessu til að nýta í eitthvað annað.
- Spurning um hvort sveitafélögin geti ekki komið inn í þar sem þetta er að leysa umferðarvandann í RVK
  - SS: Held að það verði erfitt. En það er frábært hvað strætó hefur komist til móts við okkur.
- Spurning: Mun innleiðing á þessu og betri strætó haldast í hendur?
  - SS: Getum ekki lofað því en vonumst til þess. Erum búin að tala við strætó og þau eru tilbúin og mikill samstarfsvilji til staðar. Nýja leiðarkerfið gerir ráð fyrir að HÍ verði miðstöð og það nær betur út í hverfin.
- Ábending: Ef við tökum þessu verkefni fagnandi þá eru tilraunaverkefni sem ganga vel líklegt til að fá aukið fjármagn. Þá væri líka mögulega hægt að fá niðurgreiðslu á landsbyggðastrætó með hjálp sveotafélaga.
  - SS: Algjörlega! Mikilvægt að allir taki þátt.
- Spurning: Hvernig metið þið velviljan innan HÍ um þetta?
  - SS: Við erum að heyra í lykilaðilum núna.
- Spurning: Strætó hefur lensku til þess að prófa hluti bara í eitt ár. Hvetur til þess að þetta verði ekki bara eitt ár.
  - SS: Það væri svo frábært ef HÍ getur verið fyrstur. Þá fylgi HR á eftir og svo LSH. Ef við förum í umhverfisvænu kápuna og hugsum um hvað þetta verði gott fyrir samfélagið. Ef þetta gengur illa þá mun Háskólaráð taka þetta fyrir aftur eftir ár. En við ræddum við stærtó að taka amk 3 ár svo ein kynslóð háskólanema geti vanist strætó.

- Spurning um hvort það muni kosta meira í bílastæðin en þessar 5 þúsund krónur
  - SS: Stjórnsýslustarfsmenn munu borga 100 þ. kr. fyrir 44 vikur, en nemendur geta fengið annarkort og þá væntanlega ódýrara auk þess að nemendaafsláttur verður til staðar. Það mun kosta miklu meira að koma á bíl.
- Ábending: Þá er kominn hvati, flott.
- Spurning: Hver eru að reka bílastæðin í dag?
  - SS: Við, líka malarbílastæðið þó við eigum það ekki. S.s. framkvæmdasvið.
- Spurning: Það er þá verið að borga með þeim sem keyra á bílum?
- Spurning: Þannig að við hættum að borga með bílum og byrjum að borga með strætófarþegum?
  - SS: Já